

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR)  
Engjateigi 11  
105 Reykjavík



Reykjavík, 10. maí 2017

Launagreiðendum sem greiða lífeyrisiðgjöld til LSR og eru ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum hefur borist bréf frá LSR. Er þar vísað til laga nr. 127/2016 þar sem kemur fram að umræddir launagreiðendur skuli greiða lífeyrisauka starfsmanna til baka með sérstöku iðgjaldi sem ætlað er að standa undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Gjald þetta skal ákvarðað á grundvelli útreiknings LSR. Í bréfinu kemur fram að þetta sérstaka iðgjald verði 5,85% og iðgjald launagreiðanda þar með 17,35%.

Launagreiðendum er veitt tækifæri til þess að gera athugasemdir við bréfið. Félagsmenn SA hafa óskað þess að samtökin komi á framfæri fyrirvara fyrir þeirra hönd.

Starfsmenn á almennum vinnumarkaði eiga ekki lögbundinn rétt til aðildar að LSR en slík aðild hefur viðgengist með samþykki sjóðsins að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Aðildarumsókn byggir á samkomulagi atvinnurekanda og launamanns og er það háð samkomulagi þeirra á millum hvort viðbótarkostnaður af LSR aðild sé borinn af launagreiðanda eða starfsmanni.

Sama á við um það viðbótariðgjald sem nú er kynnt af hálfu LSR. Starfsmaður á ekki sjálfkrafa rétt til þessa viðbótarkostnaðar úr hendi atvinnurekanda nema ráðningarsamningur tryggi honum ábyrgð vinnuveitanda á greiðslu mótfamlags til LSR eins og það er hverju sinni.

Skilja má bréf LSR á þann veg að launagreiðandi sé bundinn af greiðslu viðbótariðgjalds geri hann ekki athugasemd við LSR um greiðslu gjaldsins. Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að áskilja félagsmönnum SA allan rétt til að hafna greiðslu þessa viðbótargjalds.

Í bréfi LSR er ekki upplýst hvaða þýðingu það hefur fyrir starfsmann að viðbótariðgjald sé ekki greitt. Það er hins vegar rakið á vef LSR þar sem fram kemur að réttindi reiknist þá í aldurstengdri ávinnslu í stað jafnrar ávinnslu. SA beina því til sjóðsins að upplýsa launagreiðendur og sjóðsfélaga betur um þann möguleika og hvaða áhrif það hefur á ávinnslu réttinda að hverfa úr jafnri ávinnslu og hefja aldurstengda ávinnslu.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Árnason,  
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs